

Lagt fyrir fund velferðarráðs 15. febrúar 2023

Tillaga fulltrúa Sósíalistaflokks Íslands í velferðarráði

Á meðan að niðurstöður eru ekki komnar úr vinnu stýrihóps um endurskoðun á fjárhagsaðstoð er lagt er til að grunnfjárhæð fjárhagsaðstoðar verði a.m.k. hækkuð út frá verðlagsforsendum sem eru í fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar fyrir árið 2023. Á síðustu árum hefur grunnupphæð fjárhagsaðstoðar gjarnan verið hækkuð í kringum áramót en slíkt átti ekki við núna. Því er lagt til að upphæðin verði hækkuð þannig að þau sem treysta á fjárhagsaðstoð verði ekki gert að framfleyta sér á upphæð sem miðast við árið 2022.

Greinargerð:

Fjárhagsaðstoð til framfærslu er veitt þeim sem ekki geta séð sér farborða án aðstoðar. Grunnfjárhæð fjárhagsaðstoðar til einstaklings, 18 ára eða eldri, sem rekur eigið heimili getur numið allt að 217.799 kr. á mánuði. Upphæðir eru breytilegar eftir búsetu- og sambúðarformi. Fulltrúi sósíalista telur um allt of lágar upphæðir að ræða og að nauðsynlegt sé að hækka grunnupphæð fjárhagsaðstoðar til munar. Á meðan að ekki er búið að leggja fram tillögur stýrihóps vegna fjárhagsaðstoðar, er lagt til að grunnfjárhæðin verði a.m.k. hækkuð í takt við það sem hefur átt sér síðustu ár. Á meðan að gjaldskrár, matarkostnaður og allt annað í samfélaginu hækkar, þá tók upphæð fjárhagsaðstoðar ekki breytingum um áramót. Erfitt er fyrir þau sem treysta á fjárhagsaðstoð að framfleyta sér á svo lágrí upphæð.